

T Í M A R I T  
=====

Fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna.

Ritstjórn:

Guðný Jónsdóttir, Sigríður Eiríkss,  
Kristjana Guðmundsdóttir.

=====  
Nr. 1.

Júní 1925.

1. árgangur.  
=====

Þetta litla tímarit, sem nú berst ykkur í hendur, er stofnað samkvæmt samþykkt síðasta fundar F. í. H. b. 24/4. 1925.

Það kom svo greinilega fram á þeim fundi, þörf fyrir fjelagið til að gera eitthvað til þess að halda áhugamálum sínum vakandi, til þess að útbreiða þau og efla skilning á þeim, meðal þeirra, sem sakir einangrunar verða að fara varhluta af þeirri örfun, sem þeir eiga kost á, sem geta komið saman, unnið saman og rætt áhugamál sín og nauðsynjamál saman, þessi ósk fjelagsins verður ekki kveðin niður, og útgáfa þessa tímarits er það úrræði sem við sáum best.

Þetta úrræði okkar hefir þann kost, að það er algjörlega undir okkur sjálfum komið að hverju liði það verður okkur. Tímaritið kemur til ykkar núna fáskrúðugt og fátæklegt frá hendi okkar, sem falið var að sjá um það, það kemur aðeins sem tilkynning til ykkar um það að hjer sje opin leið til þess að koma boðum og hugsunum hver til annara. Hver einasta manneskja, sem fæst við hjúkrunarstarf, verður fyrir margvíslegri reynslu sem er sjereign hennar, reynslu sem hún getur auðgað hinar starfsystur sínar af, hugsjónum sem hún getur gefið, vandamálum sem hún getur á sama hátt borið undir þær. Möguleikann til þessa hefir hingað til vantað. Nú kemur þetta tímarit, það getur bætt úr þessu.

Við eigum að skrifa það allar. Við eigum að leggja það besta af þekkingu okkar og reynslu, af trú á málstað okkar og framsóknarhug. Undir því er líf þess komið. Þegar það kemur til þín fátæklegt, þá áttu að minnast þess fyrst að þú hefir sjálf brugðist því.

Við vonum líka að tímarit þetta geti orðið meira fyrir okkur en boðberi okkar eigin hugsana og áhugamála. Okkur langar líka til að í því geti altaf öðru hvoru orðið býddar greinar úr merkjum erlendum ritum, sem málefni okkar varða, frjettir af helstu merkisatburðum á sviði hjúkrunar. Við vonum ef við leggjum allar fram okkar besta, að það geti orðið okkur hjálp til þess að kenna bræðrabandsins við alla, sem að okkar málefni starfa, hvar í heiminum sem er. Við vonum að í okkar fáskipaða hóp sje svo mikið til af andlegri heilbrigði og fjelagslegum þroska, að við reynum allar að verja einhverri frístund til þess að geta einnig lagt eitthvað slíkt fram.

Um leið og við sendum þetta tímarit úr garði, óskum við því af alhug gengis og langra lífdaga. En þó því sje fyrst og fremst ætlað að vera okkar rit, þá vitum við, að í því á eftir að birtast margt sem almenning varðar og ekki er rjett að einskorða við okkur. Þessvegna er það ætlunin að koma öðru hvoru úrvals

greinum úr því í almenn blöð. Það verður ef til vill ekki oft fyrsta kastið, það fer eftir því hve verðmætt það er, sem við höfum að leggja fram.

En það er trú okkar og von, að þetta tímarit eigi eftir að verða svo <sup>væ</sup>þitað, að ritstjórn þess komist í vandræði með úrvalið og einasti kosturinn verði að prenta það alt, gera það að opinberu málgagni yngstu og fámennustu stjéttarinnar, sem vinnur að hjúkrunar- og heilbrigðismálum þessa lands.

Ásamt hinum mörgu verkefnum er liggja fyrir F. Í. H. hefir stofnun hjálpar- og ellistyrktarsjóðs fyrir fjelagið verið einna nauðsynlegast. Við hjúkrunarkonur sem vinnum á Íslandi og enn eigi höfum kröfur til eftirlauna á þeim stofnunum, sem við vinnum við, getum verið sammála um það, að brýn þörf er fyrir okkur að leggja svolítið til hliðar sjálfar, sem svo gæti orðið okkur að liði þegar þeim tímar koma, að við getum fengið að "setjast í helgan stein", m.ö.o. aldur og ef til vill heilsubrestur hindrar okkur í að vinna að hinni erfiðu vinnu, er við höfum gert að lífsstarfi okkar.

Ellistyrktarsjóðurinn var stofnaður á síðasta fundi F.Í.H. þ. 24/4. þ.á., eins og þeim fjelagskonum, er fundinn sóttu er kunnugt um, í stjórn sjóðsins voru kosnar: Magdalena Guðjónsdóttir, Vífilsstöðum, Ólafía Jónsdóttir, Hverfisgötu 99 og Guðný Jónsdóttir, Mjósundi 5, Hafnarfirði.

Um leið og við hjermeð birtum lög sjóðsins, skorum við á hverja einustu hjúkrunarkonu, sem er meðlimur F.Í.H. og hefir bann aldur til að bera, er um er að ræða í lögum sjóðsins, að kynna sjer lögin rækilega og skrifa sig fyrir 1. ágúst þ. á. fyrir þeirri upphæð, er hún óskar að fá árlega útborgaða eftir 55 ára aldur. Umsóknirnar skulu vera stílaðar til einhvers stjórnenda sjóðsins.

Þess skal getið, að lögin eru að svo miklu leiti sem unnt er, býdd og sniðin eftir "Love for danske Sygepleje-foreninger Hjælpe- og Alderdomskasse" og Dans Sygepleje-raads Pensionsfond".

### Lög hjálpar- og ellistyrktarsjóðs F.Í.H.

#### gr. 1.

Nafn sjóðsins er "hjálp- og ellistyrktarsjóður F.Í.H."

Takmark sjóðsins er að vinna að því, að fullorðnar og óvinnufærar hjúkrunarkonur, sem eru almennar fjelagskonur í F.Í.H., en sem þó eigi hafa úlit til eftirlauna frá þeirri stofnun er þær vinna við, njóti viðunanlegs styrks að tilhlutun ellistyrktar sjóðsins. Hjúkrunarkonum með eftirlaunum geta þó einnig verið meðlimir sjóðsins.

Hverjum þeim karli eða konu, er vill styrkja sjóðinn, getur stjórnin veitt upptöku, sem aukameðlim eða heiðursfjelaga.

Sjóðurinn hefir aðsetur sitt í Reykjavík.

#### gr. 2.

Sjerhverri fjelagskonu í F.Í.H. ber skylda til að gerast meðlimur sjóðsins, hafi hún ekki náð 45 ára aldri. Hjeraðshjúkrunarkonur geta einnig orðið meðlimir.

Við upptöku ber hverjum meðlim að greiða aukreitis kr. 2,00 sem upptökugjald. Inntektir sjóðsins má auka með

gjöfum, er einungis skal varið til hjálpar eldri hjúkrunarkonum.

gr. 3.

Þeim hjúkrunarkonum sjóðsins, sem ekki hafa náð 35 ára aldri, ber skylda að innrita sig fyrir minnst 200 kr. styrk árlega, sem síðan verður þeim útborgaður mánaðarlega fyrirfram, þá er þær hafa náð 55 ára aldri. Eldri hjúkrunarkonur geta innritað sig fyrir minni upphæð.

gr. 4.

Þegar um sjerstakar ástæður er að ræða, svo sem veikindi eða atvinnubrest, getur stjórn sjóðsins eftir nákvæma rannsókn málsins, gefið nefndum meðlim lausn frá innborgunum og ákveður stjórnin þá einnig, hvenær meðlimurinn er fær um að byrja að borga til sjóðsins aftur.

gr. 5.

Borgi meðlimur ekki tillag sitt í 6 mánuði í senn, án þess að hafa hafa/vefni stjórnarinnar til dráttar þess, ber stjórninni að tilkynna það til F.Í.H., sem þá hefir fullt vald til að víkja henni úr fjelaginu. Rennur innborgað tillag hennar þá til sjóðsins.

gr. 6.

Hætti meðlimur sjóðsins að vinna sem hjúkrunarkona, án þess að um heilsubrest sje að ræða, áður en hún hefur verið meðlimur sjóðsins í 2 ár, missir hún rjett til þess fjár er hún hefir lagt í sjóðinn. Deyji meðlimur sjóðsins áður en hún hefur borgað 2 ár í sjóðinn, hefir, dánarbúi hennar engan rjett til þess fjár, er hún hefir lagt í sjóðinn.

gr. 7.

Deyji meðlimur sjóðsins eftir að hún er búin að borga 2 ár í sjóðinn, ber dánarbúi hennar rjettur til að fá útborgað tje það er hún hefir lagt í sjóðinn, að viðbættum rentum.

gr. 8.

Hætti meðlimur sjóðsins að vinna sem hjúkrunarkona af öðrum ástæðum en þeim sem tilgreindar eru í gr.9. en hafi hún borgað tillag sitt í sjóðinn í 2. ár, er hún eigi lengur álitin sem meðlimur sjóðsins og fær hún þá útborgað tje það er hún hefir lagt til sjóðsins að viðlögðum rentum.

gr. 9.

Hætti meðlimur sjóðsins að vinna sem hjúkrunarkona og orsökinn sannast að vera vegna heilsubrests, getur hún þær fyrir áframhaldandi verið meðlimur sjóðsins.

Ef hjúkrunarkona giftir sig og hættir vinnu sinni sem hjúkrunarkona, getur hún þó verið meðlimur sjóðsins án tillags, en fær þá einungis 4% í rentur af þeirri upphæð er hún hefir borgað inn. Þessa upphæð getur hún þó ekki aukið meir. Hún getur einnig sagt sig úr sjóðnum, mót útborgun af upphæð þeirri er hún hefur lagt í sjóðinn, en missir hún þá renturnar.

gr. 10.

Í stjórn sjóðsins sitja 3 meðlimir F.Í.H. fyrir 2 ár í senn. Stjórn sjóðsins tilnefnir formann og ákveður sín á milli hvernig haga skuli verkum.

Stjórninni ber að sjá um að færð sje skýrsla yfir alla meðlimi sjóðsins, ásamt nákvæmri reikningsfærslu yfir tekjur og gjöld sjóðsins.

gr. 11.

Inneignir sjóðsins að undantöknum daglegum reksturskostnaðiskal komið fyrir í áreiðanlegan banka. Reikningsfærsla sjóðsins endurskoðast árlega af endurskoðendum F.Í.H.

gr. 12.

Breytingar og viðauka á lögum þessum getur eingöngu stjórn F.Í.H. framkvæmt, samkvæmt ósk stjórnar sjóðsins.

Tafla yfir innborganir í sjóðinn, miðað við 100 kr. árlega. Útborgun eftir 55 ára aldur:

Inntökualdur:	mánaðarlega	3. mánaðs.
24	kr. 1,96	kr. 5,80
25	2,07	6,15
26	2,20	6,52
27	2,33	6,92
28	2,48	7,35
29	2,63	7,82
30	2,80	8,32
31	2,99	8,87
32	3,19	9,48
33	3,42	10,13
34	3,66	10,87
35	3,93	11,67
36	4,23	12,56
37	4,57	13,56
38	4,95	14,68
39	5,37	15,94
40	5,86	17,38
41	6,41	19,03
42	7,05	20,94
43	7,81	23,17
44	8,70	25,82
45	9,76	28,99
46	11,07	32,87
47	12,70	37,72
48	14,81	43,96
49	17,61	52,31
50	21,55	64,00
51	27,46	81,56
52	37,32	110,84

Dæmi: Vilji 25 ára hjúkrunarkona fá útborgaðan 1200 kr. ellistyrk árlega eftir 55 ára aldur, verður hún að borga kr. 2,07 x 12 = kr. 24,84 mánaðarlega.

Vilji á sama hátt 30 ára hjúkrunarkona fá útborgaðar 900 kr. árlega, verður hún að borga kr. 280 x 9 = kr. 25,20 mánaðarlega og vilji 35 ára hjúkrunarkona fá útborgaðar 600 kr. árlega, verður hún að borga kr. 3,93 x 6 = kr 23,58 mánaðarlega.

Tímarítið kemur út 4 sinnum á ári á milli fjelagsfunda. Verðið er kr. 3.00 árg. og óskast sent til Sigríðar Eiríkss, Bergstaðarstíg 10b, er hefir umsjón með útkomu og gjöldum tímaritsins. Í þetta sinn höfum við sent það eingöngu til almennra fjelagskvænna, en auðvitað geta hjúkrunarnema og hjeraðshjúkrunarkonur einnig gerst áskrifendur.

#### F r j e t t i r.

P. 20.-25. júlí þ.a. verður haldið alheimsmót hjúkrunarkvænna í Helsingfors, Finnlandi. Sækir mót þetta formaður F.Í.H Sigríður Eiríkss, um leið og hún sem fulltrúi fjelagsins situr nefndarfund í "Samvinnu hjúkrunarkvænna á Norðurlöndum", er einnig verða haldnir í Helsingfors 1.-3. ágúst.

Guðný Jónsdóttir, ritstjóri tímarits F.Í.H fer einnig til Helsingfors á alheims-hjúkrunarkvænnaþótið.